

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina.

Stjórnsýsluupplýsingar

Útgefið: 28. júní. 2012, uppfært nóvember 2024
Höfn: Norðfjarðarhöfn
Hafnarstarfsemi: Blönduð hafnarstarfsemi
Heimilisfang: Naustahvammi 76
740 Fjarðabyggð

Tengiliður: Hafnarvörður
Sími: 477-1333
Tölvupóstur: hofnnes@fjardabyggd.is
Fjöldi skipakoma: 577 á árinu 2023

Tilgangur með gerð áætlunar

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Höfnin er tvískipt, annars vegar hafnaraðstaðan sem er innst í firðinum og er aðalathafnasvæði Norðfjarðarhafnar og hins vegar hafnaraðstaða í miðbænum sem samanstendur af stálþili sem fyrst og fremst er nýtt til viðlegu og gamalli trébryggju sem aðeins er notuð sem ferðamanna- og tómstundabryggja.

Aðalhöfnin er bæði vöruhöfn og til löndunar fisks og sjávarafurða. Hafnaraðstaðan skiptist í fimm bryggjur; netagerðarbryggju, olíubryggju, löndunarbryggju fiskimjölsverksmiðju, harðviðarbryggju og togarabryggju sem aðallega er notuð upp- og útskipunar á sjávarafurðum. Auk þess er smábátahöfn á Norðfirði.

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni

Taflan hér fyrir neðan sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn 2023 *
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lífrænn úrgangur)	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	53.080.kg
Endurvinnanlegur úrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	7.460.kg



Veiðarfæraúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	
Brotajárn	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	
Spilliefni	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Ekki skráð
Fljótandi olíuúrgangur	Olíutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Olíutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	3.500 ltr
Fljótandi skólpúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	
Samtals			64.040 kg

Tafla - Móttökuflokkar og magn

* Gert er ráð fyrir að meðalþyngd sorps pr. m³ sé 500 kg, en fyrir almennt sorp er byggt á mælingum við tæmingu sorps.

Það hefur sýnt sig að sá búnaður sem þar er til staða er nægjanlegur, enda er brugðist við einstaka toppum eða ef um mikið magn er að ræða með sérferð á sorpflokkunarstöð sveitarfélagsins. Ekki er um neina formedhöndlun úrgangs að ræða á höfninni, tekið er við honum eins og hann kemur frá skipi og hann settur í viðeigandi móttökubúnað sem til staðar er eða farin er sérferð með úrganginn á sorpmóttökustað sveitarfélagsins. Magn spilliefna sem farið er með á móttökustöð var ekki skráð, en magnið er óverulegt þar sem útgerðaraðilar sjá í flestum tilfellum um að koma úrganginum á næstu móttökustöð.

Markmiðið með töflunni er að halda til haga upplýsingum um flokkun og magn úrgangs sem höfnin tekur á móti árlega, hvort heldur er til upplýsingagjafar eða notkunar við endurskoðun áætlunarinnar síðar.

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs

Þegar sorpgámum var valin staðsetning var tekið tillit til aðgengis að þeim og skipaumferðar við hafnarkant. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílát hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist gert af hafnarstarfsmönnum eða kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá skipinu.

Fjöldi og tegund íláta fyrir úrgang á höfninni.

Netagerðarbryggja

- Allt sorp tekið með sérferðum

Olúbryggja og löndunarbryggja fiskimjölsverksmiðju

- Allt sorp tekið með sérferðum
- 1 kar fyrir spilliefni

Löndunarkantur harðviðarbryggju og togarabryggja

- 1 gámur fyrir almennan úrgang
- 1 gámur fyrir endurvinnanlegan úrgang
- 1 kar fyrir spilliefni
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma

- 1 tankur fyrir úrgangsolíu

Bæjarbryggja stálþil

- Allt sorp tekið með sérferðum

Gamla bæjarbryggjan

- Allt sorp tekið með sérferðum

Smábátahöfn

- 3 sorptunnur (240 lítra) fyrir almennan úrgang
- 1 kar fyrir olíumengaðan úrgang s.s. olíusíur, tuskur og brúsa.
- 1 tankur fyrir úrgangsolíu

Móttökubúnaðurinn á olíubryggju og löndunarbryggju fiskimjölsverksmiðju er staðsettur á malbikuðu plani í að hámarki 100 metra fjarlægð frá bryggjukanti. Vegna öryggis eru móttökugámarnir staðsettir í jaðri starfssvæðis hafnarinnar.

Móttökubúnaður á harðviðarbryggju og togarabryggju er staðsettur á upplýstri, steyptri þekju hafnarkantsins.

Móttökubúnaður smábátahafnar er staðsettur til hliðar við hvern landgang smábátahafnarinnar.

Á hafnarköntunum sem eru í miðbænum á Norðfirði, bæjarbryggjunni (stálþili) og gömlu bæjarbryggjunni er allt sorp tekið með sérferðum.

Gámarnir, körin og tankarnir eru skýrt merktir með stórum merkjum til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á móti og hverju ekki. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar. Úrgangsmóttakan er nærri ljósi til að tryggja örugga móttöku úrgangs allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Merkingar sem notaðar eru á móttökuílát úrgangs hjá Fjarðabyggðarhöfnum eru samræmdar merkingar Fenúr.

Umhverfisþjónusta Austurlands hefur séð um tæmingu úrgangsgáma eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar hafa séð um tæmingu kara og úrgangsolíutanka með því að kalla til flutningsaðila til að fara með kör á sorpmóttökustöð, móttöku fyrir brotajárn eða kalla til aðila frá olíufélagi til að taka úrgangsolíu.

C. Staðfesting móttöku úrgangs

Tilkynningar frá skipum um skil á úrgangi skulu staðfestar með áritun séu þær í samræmi við skilað magn úrgangs. Ef skilað magn úrgangs er umfram það sem fram kemur á tilkynningu frá skipi skal gerð ný skilagrein/móttökutilkynning fyrir mótttekið magn.

Klappir-PortMaster er notað til að halda utan um tilkynningar frá skipum og gefa út sorpmóttökukvittanir. Upplýsingum úr Klappir-PortMaster eru aðgengilegar Umhverfisstofnun.



FJARÐABYGGÐ

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

D. Móttaka skólps

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dælubílum til slíkrar þjónustu.

E. Upplýsingar til notenda

Gjaldtaka vegna móttöku úrgangs er skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu hafnarinnar <https://www.fjardabyggdarhafnir.is/is/upplýsingar/gjaldskra> og gjaldskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/fjarmil-og-rekstur/gjaldskrar>.

Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila enn hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Á hafnarvog má fá upplýsingar um móttöku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarsvæðum Fjarðabyggðarhafna.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna.

Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra Fjarðabyggðarhafna (á þar til gerðu eyðublaði ef það er til staðar) á netfangið hafnarstjori@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunna:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>



Samráð

Við gerð áætlunarinnar var unnið út frá reynslu undangenginna ára hvað varðar móttöku og meðhöndlun úrgangs og þess samstarfs sem verið hefur við skipstjóra útgerðar- og umboðaðila skipa og aðra notendur hafnanna um móttöku úrgangs.

Einnig var haft samband við þjónustuaðila sem starfar við þjónustu skipa á höfninni og útgerðaraðila sem nýtir höfnina nokkuð reglulega. Notendur hafnarinnar eru frá ýmsum stöðum á landinu og mörgum heimshornum og því verður að treysta á að slíkir aðilar komi með ábendingar um hvað betur má fara þegar þjónusta er veitt til að hægt sé að bregðast við því eftir því sem þörf er á.

Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Starfsmenn hafnarinnar halda utan um magn og helstu tegundir úrgangs og er í því sambandi stuðst við eyðublað um móttöku úrgangs, ýmist sem viðkomandi skip er með sjálft eða ef svo er ekki þá er notað eyðublað hafnarinnar. Sá úrgangur sem er í minna magni og fer í móttöku ílát á hafnarsvæði er vigtaður og skráður inn á eyðublað með skýringum um tegund og magn þegar ílátin eru tæmd fyrir viðkomandi hafnarsvæði.

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttekins úrgangs er í höndum hafnarstarfsmanna viðkomandi hafnar.

Endurskoðun

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2027. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun útgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur)

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum frá skipum

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum



FJARÐABYGGÐ

Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar og tilkynna um losun.

Mjóeyrarhöfn	+354-474-1305
Reyðarfjarðarhöfn	+354-474-1305
Norðfjarðarhöfn	+354-477-1333
Eskifjarðarhöfn	+354-476-1199
Fáskrúðsfjarðarhöfn	+354-475-9040
Stöðvarfjarðarhöfn	+354-475-9015
Mjóafjarðarhöfn	+354-893-6770
Breiðdalsvíkurhöfn	+354-474-1305

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokki þannig að ekki fari á milli mála um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Listi yfir þjónustuaðila:

Umhverfispjónusta Austurl.	Hjallaleiru 15	731 Fjarðabyggð	430-0080	Úrgangur
Íslenska Gámafélagið	Hjallanesi 8	731 Fjarðabyggð	474-1555	Úrgangur
Terra umhverfispjónusta hf.	Hafnargötu 6	730 Fjarðabyggð	474-1516	Úrgangur
Meta ehf	Grimseyri 6	750 Fjarðabyggð	895-2709	Skólp
Hreinsitækni ehf.	Lagarbraut 4	700 Egilsstaðir	471-3000	Skólp
Olíudreifing		730 Fjarðabyggð	474-1525	Úrgangsolía
Skeljungur	Strandgötu 4	735 Fjarðabyggð	444-3141	Úrgangsolía

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til hafnarstjóra Fjarðabyggðarhafna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið hafnarstjori@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.



FJARÐABYGGÐ

EYÐUBLAÐ FYRIR MÓTTÖKU ÚRGANGS

Skip: _____

Skr.nr. Skips _____

Dags. _____

LÝSING¹

Magn	Þyngd	Teg. úrgangs	

ÁSTÆÐA LOSUNAR²

UPPLÝSINGAR UM UMBODSAÐILA SKIPS

Nafn:		Sími:	Skipstjóri/yfirmaður skips
Heimili:		Fax:	
Staður:		Email:	
Land:		Tengiliður:	

Fjarðabyggðarhafnir
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð
Iceland

Undirskrift móttökuaðila: _____

¹ Allir úrgangsflokkar skulu listaðir upp í kaflanum "LÝSING" eða skráningalisti festur við skjalið. Þökkunarlisti skal alltaf festur bæði innan og utan á kassa/ílát/pakka

² Eitt eintak af skjali þessu til skips / eitt eintak til hafnarinnar



FJARÐABYGGÐ

LANDED GOODS FORM

Vessel _____

IMO no. _____

Date _____

DESCRIPTION¹

QTY	WEIGHT	ITEM	

REASON FOR LANDING²

AGENT DETAILS

Name:

Tel:

Address:

Fax:

City:

Email:

Country:

Contact:

Master / CE ship

Fjarðabyggðarhafnir
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð
Iceland

Signature: _____

¹ All items shall be listed under "DESCRIPTION" or an inventory list is to be attached to this form. Packing list shall be placed both outside as well as inside the box/crate/parcel

² One copy vessel / one copy port